

ÁTAK UM HREINT NEYSLUVATN

LOKASKÝRSLA

Forsaga

Í lok árs 1998 kom til framkvæmda í Evrópusambandinu tilskipun ráðsins nr. 98/83/EC um neysluvatn, sem felldi úr gildi eldri tilskipun sama efnis nr. 80/778/EEC. Á þessum tíma var í gildi hér á landi reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn, sem tók til Evróputilskipana um yfirborðsvatn og neysluvatn, og auk þess reglugerð nr. 390/1995 um ölkelduvatn. Innleiðing nýju neysluvatnstilskipunarinnar leiddi af sér viðamiklar breytingar og var sett ný reglugerð um neysluvatn, nr. 536/2001. Meðal breytinga sem þar komu fram var:

- breytt fyrirkomulag eftirlits og rannsókna,
- breyting á sýnafjölda, mælipáttum og viðmiðunargildum þeirra,
- námkvæmar skilgreind viðbrögð við menguðu neysluvatni og
- upplýsingaskylda yfirvalda gagnvart neytendum.

Veigamesta breytingin varðaði þó ákvæði um að allar vatnsveitur sem þjóna yfir 50 manns eða 20 sumarhúsum eða þjóna matvælafyrirtækjum skyldu hafa starfsleyfi og að haft skyldi reglubundið eftirlit með þeim.

Víðtæk krafa neysluvatnsreglugerðarinnar um starfsleyfi var aðalhvati þess að Umhverfisstofnun ákvað að hrinda af stað Átaki um hreint neysluvatn. Annar hvati að átakanu var vilji opinberra aðila, sem fram kom eftir útgáfu reglugerðarinnar, til að auka samvinnu og fá betri yfirsýn yfir fjölda, gerð og frágang vatnsveitna. Ábendingum hafði einnig verið komið á framfæri við Umhverfisstofnun um að líklegt væri að vatn frá minni vatnsveitum stæðist í mörgum tilvikum ekki mörk neysluvatnsreglugerðarinnar, hvorki þeirrar frá 1995 né hinnar nýju frá 2001. Átakið fór formlega af stað um áramótin 2001/2002 og er nú með þessari skýrslu formlega lokið. Umhverfisráðuneytið og tvenn heildarsamtök bænda veittu átakanu fjárstuðning.

Þátttakendur og hlutverk þeirra

Samkvæmt ákvæðum neysluvatnsreglugerðarinnar er það í höndum heilbrigðisnefnda að fara með eftirlit með ákvæðum hennar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Í yfirumsjónarhlutverki Umhverfisstofnunar felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Það lá því í hlutarins eðli að verkefnastjórn Átaks um hreint neysluvatn væri í höndum Umhverfisstofnunar. Fagþekking og ráðgjöf við framkvæmd átaksins var sótt til heilbrigðisfulltrúa, starfsmanna Orkustofnunar, ÍSOR og Bændasamtaka Íslands. Styrktaraðilar átaksins voru umhverfisráðuneytið, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Bændasamtök Íslands.

Hér að neðan er yfirlit yfir þátttakendur í áttakinu og hlutverk þeirra:

Stjórnun

- Ingólfur Gissurarson, matvælafræðingur og fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, var verkefnastjóri átaksins.

Ráðgjöf

- Frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga:
 - Sigríður Hjaltadóttir, jarðfræðingur og heilbrigðisfulltrúi á Norðurlandi vestra, var ráðin til að vinna við gerð leiðbeiningarits um val og hönnun minni vatnsveitna.
 - Birgir Þórðarson, umhverfisskipulagsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi á Suðurlandi, kom að skipulagningu og framkvæmd námskeiðs um val og hönnun minni vatnsveitna og fleiri verkþáttum átaksins.
 - Anton Helgason, líffræðingur og heilbrigðisfulltrúi á Vestfjörðum, kom að útgáfu blaðaauka Bændablaðsins um neysluvatn og fleiri verkþáttum átaksins.

Þess ber að geta í þessu samhengi að eftirlit með framkvæmd neysluvatnsreglugerðarinnar og önnur verkefni sem leiddu af áttakinu voru jafnt unnin af ofangreindum heilbrigðisfulltrúum og starfsbræðrum þeirra um land allt.

- Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur hjá Orkustofnun, kom að framkvæmd námskeiðs um val og hönnun minni vatnsveitna og fleiri verkþáttum.
- Þórólfur H. Hafstað, jarðfræðingur hjá ÍSOR, kom að framkvæmd námskeiðs um val og hönnun minni vatnsveitna og fleiri verkþáttum.
- Óttar Geirsson, vatnsráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, kom að framkvæmd námskeiðs um val og hönnun minni vatnsveitna og fleiri verkþáttum.

Aðrir samstarfsaðilar

- SAMORKA.
- Embætti yfirdýralæknis / Landbúnaðarstofnun

Markmið og framkvæmd

Markmið átaksins var að fylgja eftir settu markmiði neysluvatnsreglugerðarinnar, sem er "...að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint". Nánar var markmið átaksins skilgreint sem það að:

- fræða eigendur og eftirlitsaðila um gerð og frágang vatnsbóla,
- bæta vatnsból í landinu til að fá hreinna og öruggara neysluvatn,
- skrá öll starfsleyfis skyld vatnsból í landinu og
- einfalda og samræma eftirlit, skráningar og skýrslugerðir.

Áttakinu var skipt niður í fjóra verkhluta og voru þeir eftirfarandi:

Hluti 1: Gerð fræðsluefnis um val og hönnun minni vatnsbóla.

Hluti 2: Námskeið fyrir eftirlitsaðila, eigendur minni vatnsbóla og þá sem koma að gerð þeirra.

Hluti 3: Skráning vatnsveitna¹ og starfsleyfisgerð.

Hluti 4: Gerð gagnagrunns á grunni skráninganna.

Fyrsta hluta átaksins lauk með útgáfu leiðbeiningarits og bæklinga. Ritið ber heitið *Val og hönnun minni vatnsveitna* og kom út haustið 2002. Þar er ítarlega fjallað um gerð, frágang og viðhald

¹ Sjá grunnupplýsingablað í fylgiskjali 1

vatnsbóla, lítilla veitna og einkaveitna. Þá hefur það að geyma upplýsingar um vatnajarðfræði og vatnsbúskap. Ritið er einkum ætlað heilbrigðisfulltrúum, ráðgjöfum og framkvæmdaaðilum.

Sumarið 2003 kom síðan út 16 síðna bæklingur, sem ber heitið *Litlar vatnsveitur*, og er hann ætlaður eigendum vatnsbóla. Bæklingnum er ætlað að vera til upplýsingar um hvernig á að bera sig að við leit, gerð og frágang lítilla vatnsveitna sem samanstanda af vatnsbóli, miðlunargeymi og veitulögn (dreifikerfi).

Öðrum hluta átaksins lauk með námskeiði sem haldið var dagana 9. og 10. september 2002 á Hótel Örk í Hveragerði. Námskeiðið var vel sótt og þar var m.a. fjallað um mikilvægi hreins vatns, val og hönnun minni vatnsbóla, vatnsvernd, vatnsleit, staðsetningu og hönnun brunna, lagnir frá brunni að krana og frágang vatnsbóla m.t.t. mengunarpátta s.s. rotþróa, kirkjugarða og urðunarstaða. Einnig voru haldnir kynningarfundir með mjólkurframleiðendum í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.


Þriðji hluti átaksins hófst í lok árs 2002 þegar heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hóf skráningu vatnsveitna og eftir því sem aðstæður leyfðu að veita þeim starfsleyfi í samræmi við ákvæði neysluvatnsreglugerðarinnar. Þetta var ærið verk því á þessum tíma var áætlað að á landinu væru 700 – 1000 einkavatnsveitur. Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa lagt á sig mikla og krefjandi vinnu við þennan verkhluta. Þessi hluti átaksins telst vera sífelluverkefni.

Fjórdi hluti átaksins, sem einnig er sífelluverkefni, fór af stað um leið og heilbrigðiseftirlitssvæðin sendu grunnupplýsingar um vatnsveiturnar (sjá grunnupplýsingablað í viðauka) til Umhverfisstofnunar. Væntingar standa til þess að gagnagrunnurinn megi nýtast starfsemi Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitinu við eftirlit í framtíðinni. Gagnagrunnurinn er ekki fullgerður.

Árangur og ávinningur

Það er mat þeirra sem stóðu að áttakinu hjá Umhverfisstofnun að það hafi í heild borið góðan árangur. Í byrjun árs 2002 voru 114 vatnsveitur skráðar með starfsleyfi á landinu, en 1. desember 2006 voru þær orðnar 707. Þetta sýnir að mat á fjölda vatnsveitna við upphaf átaksins var ekki fjarri lagi. Átakið hefur veitt upplýsingar um ástand vatnsveitna, gerð og staðsetningu þeirra m.t.t. mengandi þátta, sem tryggir enn frekar öryggi neytenda.

Á hverju ári taka heilbrigðisfulltrúar að meðatali 1000 neysluvatnssýni. Línuritið hér að neðan sýnir



Reglugerð 536/2001 um neysluvatn tekur gildi um mitt ár 2001

Kynning, skráning og starfsleyfisgerð fyrir litlar vatnsveitur hefst

Sýnum sem ekki stóðust kröfur fjölgar fyrst (ástand kannað) og fækkar síðan (ástand bætt) – væntingar standa til að þeim fækki enn eða jafnvægi náist

Þróun sem orðið hefur í fjölda þeirra sýna sem ekki standast kröfur neysluvatnsreglugerðarinnar. Niðurstöður árána frá 2004 benda til þess að átakið og öflugt starf heilbrigðisfulltrúa um allt land sé að skila sér í hreinna og öruggara neysluvatni.

Færa má rök fyrir því að framkvæmd átaksins hafi með beinum og óbeinum hætti aukið umræðu og vitund í þjóðfélaginu um mikilvægi hreins og öruggs neysluvatns. Eigendur vatnsveitna hafa ráðist í endurbætur eða slegið saman í gerð nýrra vatnsveitna, svo kallaðra samveitna. Oftar hefur verið borað eftir vatni og markvissari samvinna hefur komist á með skil borskýrslna til Orkustofnunar. Þá hefur átakið aukið þekkingu breiðs hóps manna á rétttri gerð og frágangi vatnsbóla.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi vatns fyrir Íslendinga. Hreint og ómengað vatn er talið undirstaða velferðar og forsenda fyrir öruggri og heilnæmri matvælaframleiðslu, því: NEYSLUVATN ER MATVÆLI !

Skrá yfir útgefið efni og viðburði þar sem átakið var kynnt

Útgefið efni

Bændablaðið, 25. maí 2004, Blaðaauki um neysluvatn. Blaðið má nálgast á vef Bændasamtaka Íslands slóðin er: <http://www.bondi.is/landbunadur/wgbi.nsf/key2/bbl>

Hollustuvernd ríkisins, 2002. Val og hönnun vatnsveitna. HVR-2002/002.

Ingólfur Gissurarson, matvælafræðingur. Handbók bænda 2003. Dreifikerfi fyrir vatnsveitur, bls. 92-93.

Sigríður Hjaltadóttir, jarðfræðingur og heilbrigðisfulltrúi á Norðurlandi vestra, og Albert S. Sigurðsson, umhverfisfræðingur hjá Umhverfisstofnun. Sumarhúsa-handbókin 2002.

Vatnsból við sumarhústaði og sumarhústaðahverfi, bls. 63-71

Umhverfisstofnun, 2003. Litlar vatnsveitur. UST 03/10

Viðburðir

Námskeið um val og hönnun minni vatnsveitna:

Auður Lilja Arnþórsdóttir, dýralæknir hjá Landbúnaðarstofnun

Fyrirlestur: *Mikilvægi hreins neysluvatns.*
Birgir Þórðarson, umhverfisskipulagsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi á Suðurlandi
Fyrirlestur: *Frágangur vatnsveitna og skipulagsmál.*
Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur hjá Orkustofnun
Fyrirlestur: *Vatnsleit.*
Gunnar Steinn Jónsson, líffræðingur og ráðgjafi hjá Umhverfisstofnun
Fyrirlestur: *Vatnsvernd.*
Óttar Geirsson, vatnsráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands
Fyrirlestur: *Samveitur.*
Sigríður Hjaltadóttir, jarðfræðingur og heilbrigðisfulltrúi á Norðurlandi vestra
Fyrirlestur: *Vatnsbólagerð.*
Þórólfur H. Hafstað, sérfræðingur í jarðfræði hjá ÍSOR
Fyrirlestur: *Vatnsleit.*

Ingólfur Gissurarson, matvælafræðingur hjá Umhverfisstofnun.
Ingólfur flutti fjölda fyrirlestra meðan átakið stóð yfir og eru þeir nánar tilgreindir í
ársskýrslum Umhverfisstofnunar.

Fylgiskjal 1

Grunnupplýsingar fyrir vatnsveitu

Nafn vatnsveitunnar: _____

Nafn vatnsbólís:

GPS staðssetning:

Staður:

Sveitarfélag:

Vatnsveitufélag:


Starfsleyfishafi:

Heimilsfang:

Sveitarfélag:

Sími/netfang:

Ábyrgðarmaður vatnsbólís:



Veitusvæði, íbúafjöldi og helstu notendur:

Vatnsverndarsvæði skilgreint í aðalskipulagi:

Gerð vatnsbólís: *borhola* *lækur* *lind* *stöðuvatn*

Lýsing á vatnsbólí:

Frágangur vatnsbólís:

Ráðstafanir til verndar:

Tíðni eftirlits:

Eru önnur vatnsból tengd á sömu vatnsveitu:

Athugasemdir:

Vatnsverndarsvæði (ljósrit af korti fylgir):

Dagsetning:

Ábyrgðamaður vatnsbóls

Eftirlitsmaður